



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 28. Nóvember 2011.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. máí.

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, fagnar þeim hug sem liggur að baki tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta.

Það er mjög mikilvægt við hönnun allra mannvirkja að hugað sé að aðgengi fyrir alla í samræmi við hugmyndafræði um altæka hönnun. Því miður er mjög algengt að fram hjá þessu sé horft og fyrir vikið verða oft almenningsstaðir óaðgengilegir þeim sem búa við fatlanir, hvort sem um er að ræða skynfatlanir eða hreyfihamlarnir.

Ein af meginreglum Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjallar um samfélag án aðgreiningar. Í sáttmálanum er lögð mikil áhersla á að tryggja aðgengi til að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í mannlífinu á öllum sviðum. Tryggja þarf fötluðu fólki jafnan aðgang á við aðra, að hinu efnislega umhverfi, samgöngum, upplýsingum, samskiptum og annarri aðstöðu og þjónustu sem er opin almenningi. Í þessu felst að stjórnvöld þurfa bæði að koma auga á og ryðja úr vegi hindrunum sem hefta þetta aðgengi, hvort sem það er að byggingum, farartækjum eða aðstöðu innan dyra á borð við skóla, íbúðarhúsnæði, heilbrigðisþjónustu, menningarstofnunum og vinnustöðum. Sömuleiðis þarf að fjarlægja hindranir varðandi upplýsinga- og samskiptaþjónustu.

Það er ljóst að það mun þurfa Grettistak til að tryggja jafnt aðgengi allra að íslensku samfélagi. Það er því mikilvægt að forgangsraða og nýta takmörkuð verðmæti á sem markvissastan hátt í þessum málaflokki sem og öðrum.

Blindrafélagið leggur áherslu á að meginverkefnið hljóti að vera að bæta aðgengi blindra og skynfatlaða einstaklinga að starfandi söfnum. Mörg slík söfn eru á landsbyggðinni og það væri mun líkleggra til að virka sem aðráttarafi fyrir blinda og aðra skynfatlaða ferðamenn, ef kynnt væri að öll söfn og almenningsstaðir væru aðgengilegir blindum, t.d. með sjóntúlkunum.

Blindrafélagið vili lýsa yfir stuðningi við tillögu þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, sem er í umsögn miðstöðvarinnar um þetta mál. Tillagan felur í sér að stofnuð verði nefnd um aðgengi fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem hefði leiðbeinandi hlutverk varðandi aðgengi í almenningsgörðum, á söfnum og á listviðburðum hvers konar. Nefndin gæti skoðað aðgengi, verið ráðgefandi og tilnefnt einstaklinga með sérþekkingu til aðstoðar við uppsetningu listverka, val á verkum og aðgengismál hvers konar.

Virðingarfyllst,

Kristinn Halldór Einarsson
Formaður Blindrafélagsins,
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi